

## TILLAGA

að starfsreglum um kjör til kirkjuþings.  
(Lagt fyrir 56. kirkjuþing 2017).

Flutt af Gísla Gunnarssyni.  
Frsm. Gísli Gunnarsson.

### *Kosning til kirkjuþings og fjöldi þingfulltrúa.*

1. gr.

- Kosning til kirkjuþings fer fram á fjögurra ára fresti.
- Á kirkjuþingi eiga sæti 29 fulltrúar, 12 vígðir og 17 leikmenn.

### *Kjördæmi kirkjuþings og skipting fulltrúa.*

2. gr.

- Á kirkjuþingi eru þrjú kjördæmi vígðra og níu leikmanna.
- Kjördæmaskipan vígðra og fjöldi fulltrúa er eftirfarandi:
  1. Reykjavíkurborgkjördæmi: Reykjavíkurborgkjördæmi vestra og eystra- og Kjalarneskjördæmi. Sex fulltrúar og þrjár til vara.
  2. Skálholtskjördæmi: Suður-, Vesturlands- og Vestfjarðarkjördæmi. Þrjár fulltrúar og tveir til vara.
  3. Hólaborgkjördæmi: Húnavatns- og Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjar- og Austurlandskjördæmi. Þrjár fulltrúar og tveir til vara.
- Kjördæmaskipan leikmanna og fjöldi fulltrúa er eftirfarandi:
  1. Reykjavíkurborgkjördæmi vestra, 1. kjördæmi. Þrjár fulltrúar og tveir til vara.
  2. Reykjavíkurborgkjördæmi eystra, 2. kjördæmi. Þrjár fulltrúar og tveir til vara.
  3. Kjalarneskjördæmi, 3. kjördæmi. Þrjár fulltrúar og tveir til vara.
  4. Vesturlandskjördæmi, 4. kjördæmi. Einn fulltrúi og tveir til vara.
  5. Vestfjarðarkjördæmi, 5. kjördæmi. Einn fulltrúi og tveir til vara.
  6. Húnavatns- og Skagafjarðarkjördæmi. 6. kjördæmi. Einn fulltrúi og tveir til vara.
  7. Eyjafjarðar- og Þingeyjarkjördæmi, 7. kjördæmi. Tveir fulltrúar og tveir til vara.
  8. Austurlandskjördæmi 8. kjördæmi. Einn fulltrúi og tveir til vara.
  9. Suðurborgkjördæmi, 9. kjördæmi. Tveir fulltrúar og tveir til vara.

### *Kosningarréttur vígðra.*

3. gr.

- Kosningarrétt til kirkjuþings á hver sá sem vígslu hefur hlotið og er:
  - a. þjónandi prestur eða djákni íslensku þjóðkirkjunnar eða hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis og er í föstu og launuðu starfi sem slíkur, eða
  - b. þjónandi prestur eða djákni sem lýtur tilsjónar biskups Íslands og er í föstu og launuðu starfi á vegum stofnunar og/eða félagsamtaka hér á landi.
- Prestur eða djákni í tímabundnu leyfi, allt að tveimur árum, nýtur kosningarréttar.

- Prestur sem settur er til þjónustu tímabundið nýtur ekki kosningarréttar nema í þeim tilfellum þar sem ekki er skipaður prestur fyrir.
- Prestur, sem sinnir aukþjónustu, nýtur ekki kosningarréttar fyrir það embætti sem hann sinnir aukþjónustu í.
- Djákni skal vera ráðinn til a.m.k. eins árs eða ótímabundið til að njóta kosningarréttar. Prestur eða djákni sem látið hefur af þjónustu nýtur ekki kosningarréttar.

#### *Kosningarréttur leikmanna.*

4. gr.

- Kosningarrétt til kirkjuþings, sem leikmaður, á hver sá sem er:
  - a. aðal- og varamaður í sóknarnefndum í 1., 2. og 3. kjördæmi, sbr. 2. gr.
  - b. aðalmaður í sóknarnefndum í 4., 5., 6., 7., 8. og 9. kjördæmi, sbr. 2. gr.

#### *Takmörkun á kosningarrétti.*

5. gr.

- Biskupar og kennarar við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands njóta ekki kosningarréttar. Sama gildir um vígða starfsmenn á biskupsstofu.

#### *Viðmið kosningarréttar.*

6. gr.

- Miða skal kosningarrétt samkvæmt 3. og 4. gr. við 1. apríl það ár sem kosning fer fram.

#### *Kjörgengi.*

7. gr.

- Kjörgengur til kirkjuþings er:
  - a. hver vígður maður sem á kosningarrétt skv. 3. gr.
  - b. hver leikmaður sem hefur hlotið skírn í nafni heilagrar þrenningar, skráður er í íslensku þjóðkirkjuna, og hefur náð 18 ára aldri.
- Kjörgengisskilyrði skulu vera uppfyllt 1. apríl það ár sem kosning fer fram.

#### *Hvar kosningarréttar og kjörgengis skuli notið.*

8. gr.

- Prestur eða djákni sem uppfyllir skilyrði 3. gr. um kosningarrétt, nýtur réttarins og kjörgengis í því kjördæmi sem prófastsdæmi hans tilheyrir, sbr. 2. gr.
- Prestur eða djákni hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis sem er í föstu og launuðu starfi sem slíkur og uppfyllir skilyrði 3. gr. um kosningarrétt nýtur réttarins og kjörgengis í Reykjavíkurborgkjördæmi.
- Þjónandi prestur eða djákni sem lýtur tilsjónar biskups Íslands og er í föstu og launuðu starfi á vegum stofnunar og/eða félagasamtaka hér á landi og uppfyllir skilyrði 3. gr. um kosningarrétt nýtur kosningarréttar og kjörgengis í því kjördæmi sem prófastsdæmi hans tilheyrir.
- Leikmaður sem uppfyllir skilyrði b. liðar 7. gr. er kjörgengur innan þess kjördæmis sem lögheimili hans er skráð í þjóðskrá, sbr. 2. mgr. 7. gr. Leikmaður sem uppfyllir skilyrði 4. gr. um kosningarrétt, nýtur réttarins innan þess kjördæmis sem sókn hans tilheyrir, sbr. 2. gr.

### *Rafræn kjörskrá.*

#### 9. gr.

■Kjörskrá skal vera rafræn og annast kjörstjórn gerð hennar á grundvelli gagna frá Þjóðskrá Íslands og vinnsluheimilda þaðan ef við á. Kjörskrá skal vera aðskilin frá kosningarhluta kosningakerfisins og þar skulu koma fram upplýsingar um kjördæmi, nafn kjósanda, lögheimili, kennitölu og kyn.

□Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 3. og 4. gr., sbr. 6. gr. Kjörskrá skal hafa verið gerð þremur vikum áður en kosning hefst.

□Þegar kjörskrá hefur verið samin skal kjörstjórn auglýsa það á vefsíðu kirkjunnar og í prentuðum dagblöðum. Í auglýsingunni skal tekið fram að þeir sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá skuli senda þær kjörstjórn.

□Eftir auglýsingu um gerð kjörskrár getur kjósandi kannað á þar til gerðu vefsetri hvort nafn hans er skráð á kjörskrá. Við aðgang að vefsetrinu er notuð almenn innskráningarpjónusta sem kjörstjórn ákveður, s.s. rafræn skilríki eða Íslykill Þjóðskrár Íslands.

□Kjörskrá skal enn fremur leggja fram á pappír kjösendum til sýnis á biskupsstofu og skrifstofum prófesta.

### *Leiðréttingar á kjörskrá.*

#### 10. gr.

■Athugasemdir vegna kjörskrár skulu berast kjörstjórn eigi síðar en þremur sólarhringum áður en kosning hefst. Kjörstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir sem henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni. Kjörstjórn skal í síðasta lagi gera leiðréttingar á kjörskrá, tveimur sólarhringum áður en kosning hefst. Ef kjörstjórn verður þess áskynja að villa hafi átt sér stað við kjörskrárgerðina skal slíkt leiðrétt. Óheimilt er að breyta kjörskrá ef skilyrði skv. 6. gr. hafa ekki verið uppfyllt fyrir þann tíma sem þar greinir.

□Berist kjörstjórn athugasemd þess efnis að nafn skuli tekið af eða sett á kjörskrá skal það þegar tilkynnt hlutaðeigandi, nema athugasemdin stafi frá honum sjálfum. Skal hlutaðeigandi veittur frestur, eftir því sem tími og atvik leyfa, til að koma að athugasemdum. Kjörstjórn skal þegar í stað tilkynna hlutaðeigandi um niðurstöðu málsins.

□Kjörstjórn skal fram að þeim degi er kosning hefst leiðrétt kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát manns sem er á kjörskrá.

□Ákvörðun kjörstjórnar um leiðréttingu á kjörskrá má skjóta til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar. Skal niðurstaða yfirkjörstjórnar liggja fyrir ekki síðar en einum sólarhring áður en kosning hefst.

### *Framboð til kosningar kirkjuþings.*

#### 11. gr.

■Kjörstjórn auglýsir á vefsíðu þjóðkirkjunnar og í prentuðum dagblöðum eigi síðar en 25. febrúar á því ári sem kjósa skal eftir framboðum til kirkjuþings.

□Þeir sem hyggjast bjóða sig fram til kirkjuþings skulu hafa tilkynnt kjörstjórn framboð sitt skriflega eigi síðar en 15. mars það ár sem kjósa skal.

□Kjörstjórn getur óskað eftir því að sá sem hyggst bjóða sig fram, framvísi staðfestingu er sýni kjörgengi hans, sbr. 7. gr.

□Frambjóðendur í hverju kjördæmi skulu ekki vera færri en sem nemur fjölda aðal- og varamanna til samans, annars vegar í kjördæmi vígðra og hins vegar leikmanna.

□Ef ekki berast nægilega mörg framboð skal kjörstjórn svo fljótt sem auðið er gera uppstillingarnefnd kirkjunnar viðvart. Skal uppstillingarnefnd tilnefna þá frambjóðendur sem á vantar. Skal sú tilnefning hafa borist kjörstjórn eigi síðar en 31. mars það ár sem kjósa skal, ásamt samþykki hlutaðeigandi.

*Framkvæmd og fyrirkomulag kosningar.*

12. gr.

- Atkvæðagreiðsla til kirkjuþings skal vera rafræn.
- Sá einn getur nýtt kosningarétt sinn sem er skráður á kjörskrá og hefur aflað sér fullnægjandi auðkenningar, sbr. 4. mgr. getur nýtt kosningarrétt sinn.
- Kjörstjórn ákveður nánari framkvæmd kosninganna, en biskupsstofa skal sjá til þess að aðgangur sé tryggur að öruggu kosningakerfi. Tryggt skal að kosningakerfi það sem notað er sé þannig úr garði gert að ekki sé hægt að breyta atkvæði án þess að það sé greinanlegt. Óheimilt er að kanna hvernig kjósandi greiddi atkvæði í kosningakerfinu.
- Við atkvæðagreiðslu skal kjósandi nota almenna innskráningarþjónustu sem kjörstjórn ákveður, s.s. rafræn skilríki eða Íslykill Þjóðskrár Íslands og skal kjósandi auðkenna sig á fullnægjandi hátt áður en hann greiðir atkvæði.
- Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt að hann merkir við jafn mörg nöfn frambjóðenda, sem nemur fjölda aðalmanna í viðkomandi kjördæmi, og eitt nafn að auki.
- Greiði kjósandi ekki atkvæði á þann hátt sem greinir í 5. mgr. er atkvæði hans ógilt. Sama gildir um autt atkvæði.
- Atkvæðagreiðsla skal fara fram á tímabilinu 1. til 20. maí á því ári sem kjósa skal, en atkvæðagreiðsla skal standa yfir í fimm sólarhringa samfelld.
- Kjörstjórn auglýsir í prentuðum dagblöðum og á vefsvæði þjóðkirkjunnar hvenær kosning hefst og hvenær henni lýkur. Auglýsing skal birt a.m.k. viku áður en kosning hefst.
- Allar upplýsingar um undirbúning og framkvæmd kosninga skulu vera aðgengilegar á vefsíðu þjóðkirkjunnar, á biskupsstofu og hjá próföstum.
- Við framkvæmd og fyrirkomulag kosninga skal eftir því sem við á hafa hliðsjón af lögum um kosningar til Alþingis.

*Afkóðun og talning atkvæða.*

13. gr.

- Talning atkvæða skal hefjast innan sólarhrings frá lokum kosningar. Áður en talning hefst skulu atkvæðin afkóðuð.
- Aðgengi að dulkóðun kosningakerfisins skal stýrt með tvískiptu leyniorði. Fulltrúi kjörstjórnar og fulltrúi kirkjuráðs búa til og varðveita hvor sinn helming leyniorðsins meðan kosning varir.
- Áður en talning atkvæða hefst koma fulltrúarnir hinu tvískipta leyniorði fyrir í afkóðunarhluta kosningakerfisins.
- Að lokinni afkóðun atkvæða í kosningakerfinu skulu atkvæðin talin og niðurstöður kosningarinnar teknar saman í talningarhluta kerfisins.

*Niðurstöður kosninga.*

14. gr.

■ Þeir, sem flestir merkja við með atkvæði sínu, eru kjörnir aðalmenn í hverju kjördæmi fyrir sig og skal fjöldi atkvæða ráða röðun þeirra. Varamenn eru þeir sem næstir koma að atkvæðum eftir aðalmönnum og skal fjöldi atkvæða ráða röðun þeirra. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti.

□ Kjörstjórn staðfestir niðurstöður og birtir á vefsíðu þjóðkirkjunnar nöfn þeirra er kjörnir hafa verið svo fljótt sem verða má.

#### *Útgáfa kjörbréfa.*

15. gr.

■ Kjörstjórn gefur út kjörbréf til aðalmanna og varamanna og skal röð varamanna greind sérstaklega.

#### *Innköllun varamanna.*

16. gr.

■ Ef kirkjuþingsmaður andast á kjörtímabilinu, flyst úr kjördæminu eða forfallast tímabundið eða varanlega, tekur varamaður hans sæti í þeirri röð sem hann er til kjörinn. Hafi kirkjuþingsmaðurinn gegnt embætti forseta kirkjuþings, skal kirkjuþing kjósa til embættisins að nýju.

□ Varamaður tekur sæti aðalmanns í föstum þingnefndum og þarf ekki að kjósa að nýju um sæti aðalmannsins.

#### *Meðferð gagna eftir að talningu er lokið.*

17. gr.

■ Að kærufresti liðnum eða eftir að yfirkjörstjórn hefur kveðið upp úrskurð sinn varðandi kosninguna, hafi hún verið kærð, skal kjörstjórn sjá til þess að öllum atkvæðum, dulkóðuðum og afkóðuðum, rafrænni kjörskrá og afkóðunarlyklum verði eytt úr kosningakerfinu. Kjörstjórn tilkynnir kirkjuráði þegar eyðing gagnanna hefur átt sér stað.

#### *Uppstillingarnefnd.*

18. gr.

■ Kirkjuráð skipar uppstillingarnefnd þjóðkirkjunnar. Í uppstillingarnefnd þjóðkirkjunnar eru níu menn einn úr hverju prófastsdæmi. Kirkjuþing kýs í nefndina til fjögurra ára á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir síðasta kjör til kirkjuþings. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega úr hópi nefndarmanna.

□ Í uppstillingarnefnd skulu hvorki vera kirkjuþingsmenn eða varamenn þeirra né starfsmenn eða embættismenn í föstu, launuðu starfi hjá þjóðkirkjunni.

□ Uppstillingarnefnd er ályktunarhæf ef minnst 2/3 nefndarmanna mæta á fund. Nefndinni er heimilt að nota fjarfundarbúnað í störfum sínum.

□ Uppstillingarnefnd færir gerðabók þar sem skrá skal meginatriði funda og ákvarðanir.

□ Aðsetur nefndarinnar skal vera á biskupsstofu sem sér henni fyrir aðstöðu og þjónustu.

□ Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr kirkjumálasjóði.

#### *Kjörstjórn þjóðkirkjunnar.*

19. gr.

- Kirkjuráð skipar kjörstjórn þjóðkirkjunnar. Í kjörstjórn eru þrír menn og þrír til vara.
- Kirkjuþing kýs tvo kjörstjórnarmenn og tvo varamenn þeirra í þeirri röð sem þeir taka sæti aðalmanns. Kosning til kjörstjórnar fer fram á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir síðasta kjör til kirkjuþings. Biskup Íslands tilnefnir formann og varamann hans og skal hann kunngera það á sama kirkjuþingi, en áður en þingið kýs til kjörstjórnar.
- Kjörtímabil kjörstjórnar og skipunartími formanns hennar er í fjögur ár frá 1. desember það ár sem þriðja reglulega kirkjuþing eftir síðasta kjör til kirkjuþings er haldið.
- Kjörstjórnarmenn skulu hvorki vera kirkjuþingsmenn eða varamenn þeirra né vera í föstu, launuðu starfi hjá þjóðkirkjunni.
- Kjörstjórn færir gerðabók þar sem skrá skal meginatriði funda, ákvarðanir hennar svo og úrslit kosninga.
- Aðsetur kjörstjórnar er á biskupsstofu. Kjörstjórn velur sér aðstoðarmenn til að annast, á ábyrgð kjörstjórnar, framkvæmd tiltekinna þátta í kosningu til kirkjuþings.
- Kostnaður við störf kjörstjórnar greiðist úr kirkjumálasjóði.

#### *Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar.*

20. gr.

- Kirkjuráð skipar yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar. Í yfirkjörstjórn eru þrír menn og þrír til vara.
- Kirkjuþing kýs yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir síðasta kjör til kirkjuþings. Formaður skal kosinn sérstaklega og vera löglærður sem og varamaður hans.
- Varamenn skulu kosnir í þeirri röð sem þeir taka sæti aðalmanns. Kjörtímabil yfirkjörstjórnar er í fjögur ár frá 1. desember það ár sem þriðja reglulega kirkjuþing eftir síðasta kjör til kirkjuþings er haldið.
- Yfirkjörstjórnarmenn skulu hvorki vera kirkjuþingsmenn eða varamenn þeirra né vera í föstu, launuðu starfi hjá þjóðkirkjunni.
- Yfirkjörstjórn færir gerðabók þar sem skrá skal meginatriði funda og ákvarðanir.
- Aðsetur yfirkjörstjórnar skal vera á biskupsstofu sem sér nefndinni fyrir aðstöðu og þjónustu.
- Kostnaður við störf yfirkjörstjórnar greiðist úr kirkjumálasjóði.

#### *Kærur til yfirkjörstjórnar.*

21. gr.

- Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar fer með úrskurðarvald í ágreiningsmálum vegna kirkjuþingskosninga.
- Rétt til að kæra kirkjuþingskosningu eiga allir þeir sem nutu kosningarréttar til kirkjuþings og þeir leikmenn sem í kjöri voru en höfðu ekki kosningarrétt.
- Kærur skulu berast kjörstjórn eigi síðar en einni viku eftir að úrslit kosninga liggja fyrir.
- Kjörstjórn skal innan þriggja virkra daga frá móttöku kærunnar senda hana ásamt athugasemdum sínum til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar.
- Kæra má til yfirkjörstjórnar:
  - a. ákvarðanir kjörstjórnar vegna kjörgengis- og kjörskrármála,
  - b. framkvæmd kirkjuþingskosninga.
- Yfirkjörstjórn eru heimil eftirfarandi úrræði:
  - a. að fallast á eða synja kröfu manns um kjörgengi,
  - b. að fallast á kröfu eða synja um að tiltekinn maður skuli ekki vera á kjörskrá,

- c. að staðfesta lögmæti framkvæmdar kirkjuþingskosninga, eftir atvikum með athugasemdum,
- d. að ógilda kosningu tiltekins kirkjuþingsmanns eða kirkjuþingsmanna og leggja fyrir kjörstjórn að endurtaka kosningu í hlutaðeigandi kjördæmi,
- e. að ógilda tiltekinn þátt eða þætti í framkvæmd kirkjuþingskosninga og leggja fyrir kjörstjórn að endurtaka þann eða þá þætti þannig að niðurstaða fái st,
  - f. að ógilda kirkjuþingskosningu að öllu leyti og leggja fyrir kjörstjórn að láta kjósa að nýju.

*Frávísun kæru.*

22. gr.

■ Yfirkjörstjórn vísar kæru frá ef:

- a. kærandi hefur ekki kæruaðild,
- b. hún er of seint fram komin,
- c. mál heyrir ekki undir yfirkjörstjórn,
- d. kröfugerð er óskýr eða vanreifud þrátt fyrir ábendingar yfirkjörstjórnar.

*Úrskurður yfirkjörstjórnar.*

23. gr.

■ Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar skal skera úr þeim málum sem fyrir hana eru lögð eins fljótt og auðið er og ekki síðar en sjö virkum dögum eftir að mál berst.

□ Niðurstöður yfirkjörstjórnar skulu vera í úrskurðarformi og dregnar saman í úrskurðarorð.

*Gildistaka.*

24. gr.

■ Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 7. mgr. 21. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um kjör til kirkjuþings nr. 301/2013, með síðari breytingu.

*Athugasemdir með tillögunni.*

I.

Á kirkjuþingi 2014 var samþykkt eftirfarandi þingsályktun um endurskoðun starfsreglna um kjör til kirkjuþings nr. 301/2013:

*Kirkjuþing 2014 samþykkir að skipa þrjú manna starfshóp til að endurskoða starfsreglur nr. 301/2013 um kjör til kirkjuþings í ljósi reynslunnar af nýafstöðnum kosningum til kirkjuþings. Skal starfshópurinn vinna úr þeirri gagnrýni sem fram kom við fyrri umræðu málsins á kirkjuþingi 2014 og búa tillögur sínar til úrbóta til 52. kirkjuþings 2015.*

Kirkjuþing kaus í starfshópinn þau Hjördísi Stefánsdóttir, lögfræðing og formann kjörstjórnar þjóðkirkjunnar og skyldi hún vera formaður starfshópsins, sr. Gísli Gunnarsson, sóknarprest í Glaumbæjarprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófestsdæmi og kirkjuþingsmann og Ragnhildi Benediktsdóttur, lögfræðing og fyrrverandi skrifstofustjóra biskupsstofu. Starfshópurinn hefur í vinnu sinni leitað til nokkurra sérfræðinga og fengið á sinn fund þau Skúla Guðmundsson, lögfræðing, Ástríði Jóhannesdóttur, lögfræðing hjá Þjóðskrá Íslands,

Stefán Valdimarsson stærðfræðing og Örvar Káráson tölvunarfræðing, fyrrverandi starfsmaður á biskupsstofu. Starfshópurinn skilaði stöðuskýrslu til kirkjuþings haustið 2015 og óskaði eftir því að fá að skila tillögum sínum til kirkjuþings haustið 2016, þar sem vinna við tillögurnar hefði verið mun umfangsmeiri en ætlað var í fyrstu.

Starfsreglur þær, sem hér er gerð tillaga um, byggjast á vinnu starfshópsins sem kirkjuþing skipaði árið 2014.

## II.

Í greinargerð með tillögunni um endurskoðun starfsreglnanna kom fram að við síðustu kosningar til kirkjuþings hefðu komið í ljós ýmsir vankantar á núgildandi reglum nr. 301 frá 2013, sem brýnt væri að lagfæra. Á grundvelli fyrrgreindrar greinargerðar lagði starfshópurinn áherslu á að skoða eftirfarandi atriði:

- a) Í núgildandi reglum miðast kosningarréttur og kjörgengi við starfsstöð í kjördæmi, sjá 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. starfsreglnanna. Með þessum ákvæðum eru prestar og djáknar sem starfa erlendis útilokaðir frá þeim rétti sem fólgin er í kjörgengi og kosningarrétti til kirkjuþings.
- b) Í núgildandi reglum er ekki heimilt að skila auðu atkvæði.
- c) Við kosningar til kirkjuþings 2014 kom í ljós galli á 10. gr. núgildandi starfsreglna, sem talið var brýnt að bæta úr, en ákvæðið er svohljóðandi:

*Sá er kjörinn aðalmaður, sem flest fær atkvæði sem aðalmaður. Sá er kjörinn 1. varamaður sem flest fær atkvæði sem varamaður að viðbættum þeim atkvæðum sem hann fær sem aðalmaður, sá 2. varamaður sem næstflest fær atkvæðin talin með sama hætti og sá 3. varamaður, þar sem það á við, sem fær atkvæði talin með sama hætti.*

*Hljóti tveir eða fleiri jöfn atkvæði ræður hlutkesti og gildir það einnig um röð varamanna ef því er að skipta.*

Kosningin fór þannig fram að kjósandi valdi þann fjölda af aðalmönnum og varamönnum sem við átti úr hópi þeirra sem gáfu kost á sér. Í fyrrgreindri 10. gr. er skýrt kveðið á um það að þeir sem fá flest atkvæði sem aðalmenn eru kjörnir aðalmenn. Sá er kjörinn 1. varamaður sem fær flest atkvæði **bæði sem aðalmaður og varamaður**, sá 2. varamaður sem fær næst flest atkvæði o.s.frv.

Í þeim tilvikum **þegar að frambjóðendur eru jafnmargir og sá fjöldi sem kjósa skal**, skapast óhjákvæmilega þær aðstæður, þegar atkvæði aðalmanna hafa verið talin og aðalmönnum raðað upp, að samanlögð atkvæði (þ.e. sem aðal- og varamenn) allra varamanna eru jöfn, þar sem allir kjósendur hafa annað hvort kosið viðkomandi sem aðal- eða varmann og verður þá að varpa hlutkesti. Við kosningarnar 2014, kom þetta berlega í ljós en í allflestum kjördæmum voru frambjóðendur jafnmargir og sá fjöldi sem kjósa átti og þ.a.l. voru varamenn allir með jafn mörg atkvæði þannig að varpa varð hlutkesti. Var framkvæmd kosninganna kærð m.a. með vísan til þessa. Kjörstjórn taldi ljóst að reglurnar væru óheppilegar hvað þetta atriði varðar, þ.e. í þeim tilvikum þegar frambjóðendur væru jafnmargir og sá fjöldi sem kjósa skal, en féllst ekki á það með kærendum að um annmarka á framkvæmd kosninganna hafi verið að ræða, mun frekar



að um annmarka á reglunum væri að ræða og var sá skilningur staðfestur af yfirkjörstjórn.

Kjörstjórn kirkjuþings sendi kirkjuráði erindi eftir að kirkjuþingskosningarnar árið 2014 voru afstaðnar þar sem fram kom að við undirbúning og framkvæmd kirkjuþingskosninganna hefðu komið í ljós ýmsir vankantar á reglunum sem brýnt væri að lagfæra. Í tillögum þessum, sem hér eru lagðar fram, hefur einnig verið tekið tillit til þeirra ábendinga.

Starfshópurinn leggur ekki til breytingar á fjölda kirkjuþingsmanna eða kjördæmaskiptingu, og lítur svo á að það hafi ekki verið hlutverk hans, en telur þó tilefni til að benda á að ákveðið misræmi er varðandi vægi atkvæða, sérstaklega hvað leikmenn varðar. Má í því sambandi benda á að bæði aðal- og varamenn í sóknarnefndum í Kjalarnesprófastsdæmi eiga kosningarrétt en einungis aðalmenn í sóknarnefndum í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Eins og fyrr segir varð endurskoðunarvinna starfshópsins umfangsmeiri en gert var ráð fyrir í upphafi, en starfshópurinn hefur leitast við að búa til skýrar og greinargóðar reglur sem einfalt er að vinna eftir.

### III.

Tillagan er sett þannig upp að fyrst er gerð grein fyrir fjölda kirkjuþingsfulltrúa, kjördæmum kirkjuþings og skiptingu fulltrúa. Því næst eru ákvæði um kosningarrétt bæði vígðra og leikmanna og síðan ákvæði um kjörgengi. Þá eru ákvæði um rafræna kjörskrá og heimildir til leiðréttingar á henni. Sérstakt ákvæði er um framkvæmd og fyrirkomulag kosninga og lögð áhersla á að búa til ramma fyrir hina rafrænu atkvæðagreiðslu þar sem m.a. er kveðið á um öryggi atkvæðagreiðslunnar. Einnig er sérstakt ákvæði um framboð til kirkjuþings og um talningu og afkóðun atkvæða. Þá er ákvæði um niðurstöður kosninga, kærur til yfirkjörstjórnar og meðferð gagna að afloknum kosningum. Loks er ákvæði um skipun kjörstjórnar, yfirkjörstjórnar og uppstillingarnefndar, en sú nefnd er nýmæli. Allar dagsetningar varðandi fresti og framlagningu gagna o.þ.h. hafa verið endurskoðaðar.

Neðangreind tafla sýnir tímaferlið frá því að kjörstjórn óskar eftir framboðum til kirkjuþings og þar til kosningu er lokið og gögnum í rafrænu kosningakerfi eytt.

Dagsetning	Framvinda
Ekki síðar en 25. febrúar	Kjörstjórn auglýsir eftir framboðum
Ekki síðar en 15. mars	Frambjóðendur tilkynni um framboð
Svo fljótt sem verða má, eftir 15. mars	Kjörstjórn gerir uppstillingarnefnd viðvart ef ekki berast nægilega mörg framboð
Ekki síðar en 31. mars	Uppstillingarnefnd skal tilnefna frambjóðendur sem upp á vantar og tilkynna kjörstjórn
1. apríl	Viðmiðunardagur varðandi kosningarrétt og kjörgengi

Premur vikum áður en kosning hefst	Kjörskrá skal vera tilbúin og auglýst
1.- 20. maí	Heimilt að hafa kosningu. Kosning skal standa í fimm daga
A.m.k. einni viku áður en kosning hefst	Kjörstjórn auglýsir kosningu
Allt að þremur sólarhringum áður en kosning hefst	Athugasemdir vegna kjörskrár verða að berast kjörstjórn
Þar til tveimur sólarhringum áður en kosning hefst	Kjörstjórn getur leiðrétt kjörskrá (þetta tímamark gildir þó ekki ef kjörstjórn verður áskynja um villu)
Fram að því að kosning hefst	Kjörstjórn leiðréttir kjörskrá ef henni berst tilkynning um andlát
Ekki síðar en einum sólarhring áður en kosning hefst	Niðurstaða yfirkjörstjórnar skal liggja fyrir ef ákvörðun kjörstjórnar varðandi leiðréttingu á kjörskrá hefur verið kærð
Innan eins sólarhrings frá því að kosningu lýkur	Skal talning hefjast
Eigi síðar en einni viku eftir að úrslit kosningar liggja fyrir	Skulu kærur berast
Innan þriggja virkra daga frá móttöku kæru	Kjörstjórn skal senda kæru til yfirkjörstjórnar með athugasemdum
Ekki síðar en sjö virkum dögum frá móttöku kæru	Yfirkjörstjórn skal komast að niðurstöðu
Að kærufresti liðnum eða þegar niðurstaða yfirkjörstjórnar liggur fyrir, hafi kosning verið kærð	Eyða skal öllum gögnum úr kosningakerfinu

#### IV.

Þær breytingar sem koma fram í tillögunni hafa það fyrst og fremst að markmiði að gera ákvæði reglnanna skýrari.

Helstu nýmæli tillögunnar:

- a. Að kosningarréttur og kjörgengi vígðra fari saman og miðist við prófastsdæmi sem viðkomandi tilheyrir en ekki starfsstöð í kjördæmi eins og í núgildandi reglum. Þá er sérstaklega tekið fram að þjónandi prestur eða djákni hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis, sem eru í föstu og launuðu starfi sem slíkur, njóti kosningarréttar. Þá er lagt til að prestur og djákni í tímabundnu leyfi, allt að tveimur árum, haldi hvoru tveggja kosningarrétti og kjörgengi, en í núgildandi reglum er miðað við að prestur í leyfi í eitt ár eða skemur haldi kosningarrétti, en hafi kjörgengi þótt leyfi hans sé til lengri tíma en eins árs.
- b. Kjörgengisskilyrði leikmanna eru gerð skýrari og gangsærri. Lagt er til að hver leikmaður sem hlotið hefur skírni í nafni heilagrar þrenningar, skráður er í íslensku þjóðkirkjuna og hefur náð 18 ára aldri á viðmiðunardegi sé kjörgengur til kirkjuþings.

- c. Að kjörskrá sé rafræn og að kjörstjórn annist gerð hennar á grundvelli gagna frá Þjóðskrá Íslands og vinnsluheimilda þaðan ef við á. Þá eru reglur um leiðréttingu á kjörskrá gerðar skýrari og einfaldari. Í núgildandi reglum segir einungis að kosningin skuli vera rafræn.
- d. Að biskupsstofa sjái til þess að aðgangur sé tryggur að öruggu kosningakerfi þannig að rafræn kosning geti farið fram á öruggan og traustan hátt.
- e. Kjósandi skal einungis kjósa aðalmenn og skal hann kjósa einum fulltrúa fleiri en nemur aðalmönnum í viðkomandi kjördæmi. Þeir skulu kjörnir aðalmenn sem flest atkvæði hljóta í hverju kjördæmi fyrir sig og skal fjöldi atkvæða ráða röðun þeirra. Varamenn eru þeir sem næstir koma að atkvæðum eftir aðalmönnum.
- f. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti.
- g. Það er gert að skilyrði að fjöldi frambjóðanda í hverju kjördæmi skuli ekki vera færri en sem nemur fjölda aðal- og varamenn til samans í viðkomandi kjördæmi.
- h. Heimilt er að skila auðu atkvæði.
- i. Kosning skal fara fram á tímabilinu 1.-20. maí á kosningarári og skal rafræn kosning einungis standa í fimm sólarhringa.
- j. Sérstakt ákvæði er um afkóðun atkvæða áður en talning hefst.
- k. Kirkjuþing skal kjósa sérstaka uppstillingarnefnd sem hefur það hlutverk, ef ekki berast nægilega mörg framboð, að tilnefna þá frambjóðendur sem á vantar.
- l. Að þeir leikmenn sem í kjöri voru til kirkjuþingskosninga þrátt fyrir að hafa ekki haft kosningarrétt hafi sama rétt til að kæra kosningarnar, eins og þeir sem kosningarréttar nutu.

Nánari grein er gerð fyrir breytingartillögunni í athugasemdum við einstakar greinar.

#### *Athugasemdir um einstakar greinar tillögunnar.*

##### Um 1. gr.

Greinin ber nú heitið *Kosning til kirkjuþings og fjöldi þingfulltrúa*. Eins og fram kemur millifyrirsögn er nú tekið fram í 1. mgr. 1. gr. að kosning til kirkjuþings fari fram á fjögurra ára fresti, sbr. 21. gr. laga um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Að öðru leyti er greinin efnislega samhljóða 1. málslíð 1. gr. núgildandi reglna. Önnur atriði sem um er fjallað í 1. gr. núgildandi reglna, svo sem um fjölda vígðra manna, skilgreiningu á hugtakinu leikmanni og viðmiðunardagsetning varðandi kosningarrétt og kjörgengi hafa verið færð úr þessari grein og í önnur ákvæði þar sem þau eiga betur við.

##### Um 2. gr.

Til einföldunar er lagt er til að fjallað sé í einni grein um kjördæmaskipanina og fjölda fulltrúa hvers kjördæmis. Segja má að 2. gr., 4. gr. og hluti af 5. gr. núgildandi reglna hafi verið sameinaðar. Með þessu verður framsetningin mun skýrari og auðvelt er að átta sig á fjölda fulltrúa bæði leikmanna og vígðra í viðkomandi kjördæmi.

##### Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru taldir upp þeir vígðir menn sem kosningarréttar njóta en það þótti til skýrleika fallið að fjalla um kosningarrétt vígðra og leikmanna í aðskildum ákvæðum.

Í núgildandi reglum er ekki tekið fram að um sé að ræða vígða menn íslensku þjóðkirkjunnar, heldur einungis talað um þjónandi presta og djákna, sbr. 1. mgr. 5. gr. þeirra reglna. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning, þykir það til skýrleika fallið, að taka sérstaklega fram að átt sé við þjónandi presta og djákna íslensku þjóðkirkjunnar þegar gerð er grein fyrir kosningarrétti vígðra manna í a. lið 1. mgr.

Í 1. mgr. 5. gr. núgildandi reglna segir að þjónandi prestar og djáknar í föstu og launuðu starfi njóti kosningarréttar innan þess kjördæmis þar sem aðalstarfsstöðu þeirra er. Verður ákvæðið ekki skilið á annan veg en þann, að prestar sem skipaðir eru til að vera prestar Íslendinga erlendis njóti ekki kosningarréttar, enda ljóst að starfsstöð þeirra er ekki hér á landi. Lagt er til að þjónandi prestar og djáknar hjá íslenskum söfnuðum þjóðkirkjunnar erlendis sem eru í föstu og launuðu starfi sem slíkir njóti kosningarréttar og sú breyting því lögð til að kosningarréttur vígðra skuli vera í því prófastsdæmi sem viðkomandi tilheyri og orðalagið starfsstöð í núgildandi reglum falli út, sjá nánar um þetta í athugasemdum með 8. gr.

Upp hafa komið vafaatriði er varða kosningarrétt þeirra presta og djákna sem starfa hjá félagasamtökum og stofnunum og því þótti rétt að koma skýru ákvæði inn í reglurnar. Í 33. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, er hugtakið þjónandi prestur þjóðkirkjunnar skilgreint sem svo að það sé hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir föstu prestsstarfi í þjóðkirkjunni. Hann lýtur tilsjón kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum eignum þótt hann gegni launuðu starfi á vegum aðila sem ekki heyra undir þjóðkirkjuna. Á grundvelli þessa er því lagt til það skilyrði að þeir þjónandi prestar eða djáknar sem eru í föstu og launuðu starfi á vegum stofnunar og/eða félagasamtaka hér á landi og njóti tilsjónar biskups Íslands hafi kosningarrétt. Með hugtakinu stofnun er hér einnig átt við hjúkrunar og dvalarheimili aldraðra sem og heimili eða búsetukjarna fyrir fatlað fólk.

Lagt er að prestur og djákni í tímabundnu leyfi njóti kosningarréttar í tvö ár, en þetta er breyting frá núgildandi reglum þar sem prestur í launalausum leyfi nýtur einungis kosningarréttar standi leyfi hans í skemmri tíma en eitt ár. Rökin fyrir þessum breytingum eru m.a. þau að sá prestur sem er skipaður í embætti eða ráðinn til starfa og djákni sem ráðinn er til þjónustu, njóti þess kosningarréttar sem embættinu/starfinu/þjónustunni tengist án þess að það sé bundið því að leyfi hans standi ekki í lengri tíma en eitt ár. Rétt er að vekja athygli á að í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 eru engin ákvæði sem takmarka lengd launalaus leyfis. Ákvarðanir varðandi lengd launalausra leyfa eru því undir yfirstjórn kirkjunnar komnar. Í upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu kemur fram að almennt sé talið óæskilegt að veita launalaust leyfi frá störfum til lengri tíma en 12 mánaða og rétt sé að hafa í huga að það getur verið vandkvæðum bundið að manna störf í slíkum tilvikum, með tilliti til auglýsingaskyldu og fleira, auk þess sem slíkt kosti oft tíma og fjármuni. Jafnframt er lögð á það áhersla að sé starfsmanni veitt launalaust leyfi frá störfum sé áriðandi að leyfið sé veitt í ákveðinn takmarkaðan tíma. Nokkuð ljóst er að launalaust leyfi skipaðs prests sem stendur lengur en eitt ár er undantekning.

Þá er horfið frá því að miða við launalaust leyfi í þessu sambandi, heldur notað orðalagið tímabundið leyfi, þar sem um margs konar leyfi getur verið að ræða s.s. vegna veikinda, náms eða um að ræða fæðingarorlof eða launalaust leyfi. Þá er til þess að líta að leyfi hlutaðeigandi getur verið sambland af þessum þáttum og þá hæglega varað í lengri tíma en eitt ár. Er lagt til

að miða þetta tímamark við tvö ár. Lagt er til að það sama gildi um djákna og presta hvað varðar kosningarrétt í tímabundnu leyfi.

Lagt er til að prestur sem settur er til þjónustu tímabundið njóti ekki kosningarréttar nema í þeim tilfellum þar sem ekki er skipaður prestur fyrir og er þetta breyting frá því sem er í núgildandi reglum en samkvæmt þeim nýtur prestur sem settur til þjónustu til eins árs eða lengri tíma kosningarréttar. Þykir þessi breyting nauðsynleg með hliðsjón af því að lagt er til að prestur í tímabundnu leyfi, allt að tveimur árum, njóti kosningarréttar, sbr. 2. mgr. 3. gr. Ekki er gerð breyting á því fyrirkomulagi að sé ekki skipaður prestur fyrir, þá njóti sá sem settur hafi verið til þjónustunnar kosningarréttarins.

Þá er sú regla efnislega óbreytt að prestur, sem sinnir aukaþjónustu, njóti ekki kosningarréttar fyrir það embætti sem hann sinnir aukaþjónustu í. Með aukaþjónustu er átt við það þegar þjónandi presti er falið að sinna aukaþjónustu tímabundið í öðru prestakalli jafnhliða því embætti sem hann er skipaður til.

Djákni skal vera ráðinn ótímabundið eða til a.m.k. eins árs til að njóta kosningarréttar. Ákvæðið er óbreytt frá núgildandi reglu.

Þá er jafnframt horfið frá orðalaginu sem er í 5. gr. núgildandi reglna þar sem segir að prestar og djáknar í kjördæmunum þremur kjósi tiltekinn fjölda fulltrúa. Orðalagið að njóta kosningarréttar er talið gefa skýrar til kynna að um er að ræða rétt viðkomandi til að kjósa fulltrúa á kirkjuþing. Þá er einnig að nefna að orðið „kjósa“ í 3.- 5. mgr. 5. gr. núgildandi reglna hefur verið túlkað þannig bæði af kjörstjórn og yfirkjörstjórn að ekki sé heimilt að skila auðu atkvæði. Með því að falla frá þessu orðalagi, er unnt að skila auðu atkvæði við kjör til kirkjuþings, sjá einnig 6. mgr. 11. gr.

#### Um 4. gr.

Hér er fjallað um hvaða leikmenn eigi kosningarrétt til kirkjuþings. Efnislega er ákvæðið óbreytt frá núgildandi reglum. Í 4. gr. núgildandi reglna segir að viðkomandi kjósi fulltrúa á kirkjuþing. Hér er einnig eins og í 3. gr. fallið frá því orðalagi að viðkomandi kjósi tiltekinn fjölda fulltrúa en í stað þess kveðið á um að viðkomandi njóti kosningarréttar. Rökin eru þau sömu og með 3. gr. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

#### Um 5. gr.

Fyrri málsliður ákvæðisins er samhljóða seinni málslið 2. mgr. 3. gr. núgildandi starfsreglna en þær eru í samhljóman við 21. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Í 4. mgr. 21. gr. laganna segir að biskupar og kennarar við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands eigi rétt til setu á kirkjuþingi, hafi þar málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hafi þeir ekki. Einungis kjörnir fulltrúar hafa kosningarrétt samkvæmt núgildandi lögum en ekki þeir sem sitja á kirkjuþingi í embættisnafni (ex officio).

Áður en lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 tóku gildi voru í gildi lög um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar nr. 48/1982. Samkvæmt þeim höfðu biskup Íslands og kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands kosningarrétt með þeim rökum að kennarar guðfræðideildar væru guðfræðikandidatar og í föstum embættum við Háskóla Íslands. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 78/1997 kemur fram skýring á breytingu á stöðu biskups gagnvart kirkjuþingi, þ.e. að biskup hafi þar ekki kosningarrétt. Þar er lagt til að biskup Íslands verði ekki forseti kirkjuþings og hafi einungis málfrelsi og tillögurétt á kirkjuþingi. Kirkjuþing

kjósi sér hins vegar sérstakan forseta, til fjögurra ára. Þarna er sú hugmynd reifuð að aðskilja beri valdsvið kirkjupings annars vegar og biskups hins vegar með því að búa svo um hnútana að kirkjuping yrði í sem fyllstum mæli sjálfstæð og lýðræðislega kjörin stofnun sem hefði sinn eigin forseta og er það sú hugmynd sem núverandi starfsreglur byggja á. Ekki þykir tilefni til þess að víkja frá því.

Það nýmæli er í reglunum að sérstaklega er tekið fram að vígðir starfsmenn á biskupsstofu njóti ekki kosningarréttar, en ekki verður talið að starf þeirra á biskupsstofu uppfylli skilyrði þess að vera þjónandi prestur þjóðkirkjunnar, sbr. 33. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Störf guðfræðimenntaðar og vígðra starfsmanna biskupsstofu eru ekki talin þess eðlis að þurfi prestsvígslu til að geta stundað þau. Rétt þykir að taka þetta sérstaklega fram þar sem á undanförunum árum hafi komið upp tilvik þar sem starfsmenn biskupsstofu hafa talið að þeir hefðu kosningarrétt.

#### Um 6. gr.

Viðmiðunardagurinn 1. apríl ákvarðast af því nýmæli í reglunum að kosningarréttur og kjörgengi vígðra fer saman, sbr. umfjöllun um 7. gr. Framboð til kirkjupings þarf að liggja fyrir eigi síðar en 31. mars og frambjóðandi að uppfylla kjörgengisskilyrði 1. apríl.

#### Um 7. gr.

Ákvæðið fjallar um kjörgengi vígðra manna og leikmanna.

Í nógildandi reglum fer ekki saman að öllu leyti, kjörgengi og kosningarréttur vígðra manna, þar sem í 7. mgr. 5. gr. starfsreglnanna segir að prestur, sem sinni aukabjónustu, geti ekki greitt atkvæði fyrir það embætti og að prestur í launalausum leyfi eitt ár eða lengur, njóti ekki kosningarréttar, en engu að síður hafa þessir prestar kjörgengi samkvæmt reglunum. Þykir fara betur á því að kjörgengi og kosningarréttur vígðra manna fari saman.

Í nógildandi reglum er vísað til þess að leikmenn skuli uppfylla skilyrði þess að taka sæti í sóknarnefnd í kjördæmi sínu. Í starfsreglum um sóknarnefndir nr. 1111/2011 segir í 3. gr. að sóknarnefnd skuli skipuð leikmönnum sem kjörnir séu til fjögurra ára í senn og að leikmaður teljist sá sem ekki hafi tekið vígslu til prests eða djákna. Athygli vekur að ekki er gerð krafa um að sóknarnefndarmaður sé í þjóðkirkjunni. Starfshópurinn leggur til að skilyrði um kjörgengi leikmanna séu skýr og þau komi fram í reglunum sjálfum með beinum hætti. Í 2. mgr. 1. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar segir að skírni í nafni heilagrar þrenningar og skráning í þjóðskrá (þ.e. skráning í þjóðkirkjuna sem trúfélag viðkomandi í þjóðskrá) veiti aðild að þjóðkirkjunni. Starfshópurinn leggur til að leikmenn uppfylli skilyrði 2. mgr. 1. gr. fyrrgreinds lagaákvæðis, til þess að geta boðið sig fram til kirkjupings, auk þess sem telja verður rétt að setja það aldurskilyrði að viðkomandi sé lögráða.

Kjörgengisskilyrði skulu vera uppfyllt 1. apríl það ár sem kosning fer fram, en rétt þykir að miða við þann dag, þar sem eigi síðar en 31. mars skal liggja fyrir hverjir eru í framboði.

#### Um 8. gr.

Horfið er frá því að nota orðalagið „aðalstarfsstöð“ eins og gert er í nógildandi starfsreglum, heldur er vísað til þess að vígður maður njóti kosningarréttar og hafi kjörgengi í því kjördæmi sem prófastsdæmi hans tilheyrir, sbr. 2. gr. starfsreglnanna. Kosningarréttur og kjörgengi vígðra manna fer nú saman, sbr. athugasemdir við 7. gr. hér að framan.

Í 2. mgr. segir að prestur eða djákni hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis sem er í föstu og launuðu starfi sem slíkur og uppfylli skilyrði 3. gr. um kosningarrétt njóti réttarins og kjörgengis í Reykjavíkurdæmi. Til skýringar á þessu má benda á að prestar erlendis hafa verið skilgreindir sem sérþjónustuprestar í starfsreglum. Sérþjónustuprestum hefur lengi verið skipað undir tilsjón prófests í Reykjavíkurdæmi vestra enda voru þar starfsstöðvar nær allra sérþjónustupresta. Það er því talið bæði hagkvæmt og rétt að þjónandi prestar erlendis njóti þjónustu sama prófests og flestir sérþjónustuprestar þó að starfsstöðvar þeirra séu ekki hér á landi enda um mjög fámennan hóp presta að ræða.

Í 3. mgr. er kveðið á um að þjónandi prestur eða djákni sem lýtur tilsjónar biskups Íslands og er í föstu og launuðu starfi á vegum stofnunar og/eða félagasamtaka hér á landi og uppfyllir skilyrði 3. gr. um kosningarrétt njóti kosningarréttar og kjörgengis í því kjördæmi sem prófestsdæmi hans tilheyrir. Þykir rétt að þessi hópur njóti kosningarréttar og kjörgengis í því kjördæmi sem viðkomandi sinnir sérþjónustu.

Ákvæði 4. mgr. þarfnast ekki skýringa.

#### Um 9. gr.

Í núgildandi starfsreglum er ekki ákvæði um það að kjörskrá skuli vera rafræn, einungis að kosningin sé rafræn. Er hér lagt til að kjörskrá sé einnig rafræn, enda slíkt oftast fylgifiskur rafrænna kosninga. Kjörstjórn annast gerð kjörskrár á grundvelli gagna frá Þjóðskrá Íslands og vinnsluheimilda þaðan ef við á. Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 3. og 4. gr., sbr. 6. gr. Jafnframt er lagt til að kjörskrá sé aðskilin frá kosningarhluta kosningakerfisins, en ljóst er að aðgangur að kjörskrá þarf að vera annar heldur en að kosningarhluta, s.s. varðandi uppflettingar. Með því að hafa þetta í einu og sama kerfinu væri verið að skapa óþarfa áhættu varðandi öryggi, þar sem við uppflettingar í kjörskrá myndi opnast óbeinn aðgangur að kosningarhlutanum. Jafnframt myndi það skapa öryggishættu að endanlega samþykkt kjörskrá væri gerð inn í kosningakerfinu. Frekari umfjöllun um kosningakerfið er í 11. gr.

Í kjörskrá skulu koma fram upplýsingar um kjördæmi, nafn kjósanda, lögheimili, kennitölu og kyn.

Kjörskrá skal hafa verið gerð þremur vikum áður en kosning hefst og skal kjörstjórn auglýsa það á vefsíðu þjóðkirkjunnar og í prentuðum dagblöðum. Með prentuðum dagblöðum er átt við blöð sem koma út a.m.k. fimm sinnum í viku. Mikilvægt er að í auglýsingunni komi fram að unnt sé að gera athugasemdir við kjörskrána og hvernig bera skuli sig að við það, en um leiðréttingar á kjörskrá er fjallað í 10. gr.

Eftir auglýsingu um gerð kjörskrár getur kjósandi kannað, á þar til gerðu vefsetri, hvort nafn hans er skráð á kjörskrá. Við aðgangsstýringu að vefsetrinu er notuð almenn innskráningarþjónusta sem kjörstjórn ákveður, s.s. rafræn skilríki eða Íslykill Þjóðskrár Íslands. Auglýsa þarf tryggilega að notast sé almenna innskráningarþjónustu þannig að kjósendum gefist kostur á að afla sér nauðsynlegra aðgangsheimilda. Þá er tekið fram í lokamálgrein að kjörskrá skuli enn fremur liggja frammi á pappír kjósendum til sýnis á biskupsstofu og skrifstofum prófesta. Er það þess að frambjóðendur og kjósendur almennt í þjóðkirkjunni eigi þess kost að kanna nöfn þeirra sem skráðir eru á kjörskrá. Á biskupsstofu yrði heildarskrá kjósenda lögð fram en hjá próföstum skrá yfir kjósendur í viðkomandi prófestsdæmi.

#### Um 10. gr.

Telji einhver að kjörskrá sé ekki rétt getur viðkomandi tilkynnt það til kjörstjórnar allt fram að því að þrír sólarhringir eru til þess að kosning hefist. Er þetta töluverð breyting frá núgildandi reglum þar sem heimilt er að leggja fram kærur vegna kjörskrár eigi síðar en einni viku frá því að kjörskrá er lögð fram, en kjörskrá skal leggja fram a.m.k. þremur vikum áður en kosning hefist. Telja verður að til þess að ná því markmiði að kjörskrá sé sem réttust sé rétt að lengja þann tíma sem heimilt er að koma fram með athugasemdir og gera leiðréttingar á skránni. Er hér lagt til að kjörstjórn taki við athugasemdum allt fram til þess að þrír sólarhringir eru til þess að kosning hefist. Kjörstjórnin skal þá þegar taka til meðferðar athugasemdir sem henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni og skal hún í síðasta lagi gera slíkar leiðréttingar tveimur sólarhringum áður en kosning hefist. Þá þykir rétt að setja inn ákvæði þess efnis að komi í ljós ágalli á kjörskrá, svo sem að nafn hafi fallið niður og kjörstjórn verður þess áskynja þá skal slíkt leiðrétt. Grundvallaratriðið varðandi leiðréttingar á kjörskrá er að leiðrétting er óheimil nema að skilyrði 3. eða 4. gr. reglnanna (eftir því sem við á) hafi verið uppfyllt fyrir þann tíma sem greinir í 6. gr., þ.e. 1. apríl það ár sem kosning fer fram.

Þá er það nýmæli, að berist kjörstjórn athugasemd þess efnis að nafn skuli tekið af eða sett á kjörskrá skal það þegar tilkynnt hlutaðeigandi, nema athugasemdin stafi frá honum sjálfum. Skal hlutaðeigandi veittur frestur, eftir því sem tími og atvik leyfa, til að koma að athugasemdum. Kjörstjórn skal þegar í stað tilkynna hlutaðeigandi um niðurstöðu málsins. Jafnframt er það nýmæli, að berist kjörstjórn vitneskja um andlát manns sem er á kjörskrá skal skráin leiðrétt.

Horfið er frá því orðalagi sem er í núgildandi reglum að heimilt sé að leggja fram „kærur“ vegna kjörskrár heldur er gengið út frá því að um athugasemdir og leiðréttingar á kjörskrá sé að ræða. Er þetta bæði í samræmi við lög um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Ákvörðun kjörstjórnar um leiðréttingu á kjörskrá má skjóta til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar. Skal niðurstaða yfirkjörstjórnar liggja fyrir ekki síðar en einum sólarhring áður en kosning hefist.

#### Um 11. gr.

Dagsetningar eru hér eilítið aðrar en í núgildandi reglum, en rétt þykir að færa þær aðeins framar til að tryggja að unnt sé að halda öll tímamörk.

Þá er tiltekið hvar kjörstjórn skuli auglýsa eftir framboðum, þ.e. á vefsíðu þjóðkirkjunnar og í prentuðum dagblöðum. Vísað er til skýringa við 9. gr. varðandi skilgreiningu á prentuðum dagblöðum.

Til þess að unnt sé að bjóða sig fram til kirkjuþings þarf hlutaðeigandi að uppfylla skilyrði um kjörgengi, sbr. 7. gr. Þau tilvik geta komið upp að óvíst sé hvort sá sem hyggst bjóða sig fram uppfylli kjörgengisskilyrði og því þykir rétt að setja inn ákvæði sem heimilar kjörstjórn að óska eftir því að hann framvísi staðfestingu er sýni kjörgengi hans. Slík staðfesting getur t.d. verið í formi vottorðs frá Þjóðskrá Íslands sem ber með sér að viðkomandi sé skráður í þjóðkirkjunni og hafi verið skírður.

Í núgildandi reglum segir að þegar ekki berast nægilega mörg framboð, skuli kjörstjórn gera próföstum viðkomandi kjördæma viðvart og óska eftir því að þeir tilnefni sameiginlega þá frambjóðendur sem upp á vantar. Þetta fyrirkomulag leiðir til þess að upp geta komið hagsmunaárekstrar s.s. í þeim tilvikum sem prófastur hyggst sjálfur bjóða sig fram, þar sem hann velur þá mótframbjóðendur sína. Til þess að koma í veg fyrir þetta er lagt til að kosin verði



uppstillingarnefnd Þjóðkirkjunnar, sjá athugasemdir við 19. gr. Þegar þær aðstæður koma upp að ekki berast nægileg mörg framboð skal kjörstjórn svo fljótt sem auðið er gera uppstillingarnefnd Þjóðkirkjunnar viðvart. Skal uppstillingarnefnd tilnefna þá frambjóðendur sem á vantar og tilkynna það kjörstjórn eigi síðar en 31. mars það ár sem kjósa skal. Þá þykir rétt að gera þá kröfu að samþykki þess sem uppstillingarnefnd tilnefnir berist kjörstjórn.

#### Um 12. gr.

Í ákvæðinu er fjalla um framkvæmd og fyrirkomulag kosninga til kirkjuþings. Atkvæðagreiðslan skal vera rafræn en kjörstjórn ákveður nánari framkvæmd kosninganna. Biskupsstofa skal sjá til þess að aðgangur sé tryggur að öruggu kosningakerfi. Tryggt skal að kosningakerfi það sem notað er sé þannig úr garði gert að ekki sé hægt að breyta atkvæði án þess að það sé greinanlegt. Þá er óheimilt að kanna hvernig kjósandi greiddi atkvæði í kosningakerfinu. Kjörstjórn skal ákveða hvers konar innskráningarkerfi er notað en það þarf að vera öllum aðgengilegt og öruggt. Í kosningum árið 2014 var notast við Íslykil Þjóðskrár Íslands og reyndist það vel og án vandkvæða. Einungis þegar kjósandi hefur aflað sé fullnægjandi auðkenningar og skráð sig inn í kosningakerfið getur hann greitt atkvæði.

Í nágildandi reglum skal annars vegar kjósa aðalmenn og hins vegar varamenn. Séu aðalmenn í viðkomandi kjördæmi t.d. tveir skal kjósa tvo aðalmenn og tvo varamenn. Sá er síðan kjörinn aðalmaður sem flest atkvæði fær sem aðalmaður. Sá er kjörinn fyrsti varamaður sem fær flest atkvæði sem varamaður að viðbættum þeim atkvæðum sem hann fær sem aðalmaður, sá er kosinn annar varamaður sem næstflest atkvæði fær talin með sama hætti. Hljóti tveir eða fleiri jöfn atkvæði ræður hlutkesti og gildir það einnig um röð varamanna ef því er að skipta.

Í þeim tilvikum sem frambjóðendur eru jafnmargir og sá fjöldi sem kjósa skal, skapast óhjákvæmilega þær aðstæður þegar atkvæði aðalmanna eru talin og aðalmönnum ráðað upp að samanlögð atkvæði allra varamanna (þ.e. atkvæði sem aðal- og varamanna) eru jöfn, þar sem allir kjósendur hafa annað hvort kosið viðkomandi sem aðal- eða varamann. Við þessar aðstæður þ.e. þegar frambjóðendur eru jafnmargir og sá fjöldi sem kjósa skal, er sú staða ávallt uppi að allir varamenn eru með jafn mörg atkvæði og þarf því að varpa hlutkesti.

Yfirkjörstjórn barst kæra að afloknum kosningum til kirkjuþings árið 2014, þar sem þetta atriði var kært og byggt á því að um galla á framkvæmd kosninganna hafi verið að ræða. Féllst yfirkjörstjórn á það með kjörstjórn að reglurnar væru óheppilegar hvað þetta atriði varðar, þ.e. þegar frambjóðendur eru jafnmargir og sá fjöldi sem kjósa skal en að ekki hafi verið um annmarka á framkvæmd kosninganna að ræða heldur annmarka á reglunum.

Því er lagt til að kjósa skuli einum fulltrúa fleiri en nemur aðalmönnum í viðkomandi kjördæmi. Greiði kjósandi ekki atkvæði á þann hátt að merkja við jafn mörg nöfn frambjóðenda, sem nemur fjölda aðalmanna í viðkomandi kjördæmi, og eitt nafn að auki þá er atkvæði hans ógilt. Sama gildir um autt atkvæði en það er vitaskuld er lýðræðislegur réttur hvers kjósanda að skila auðu. Þá er jafnframt vikið frá því að kjósa sérstaklega aðalmenn og varamenn heldur lagt til að þeir verði aðalmenn sem flest atkvæði hljóta og varamenn þeir sem næstir koma að atkvæðum eftir aðalmönnum og skal fjöldi atkvæða ráða röðun þeirra, sjá nánar í athugasemdum við 14. gr.

Í þessu sambandi má geta þess að yfirkjörstjórn barst kæra að afloknum kosningum 2014, þar sem m.a. var kært að ekki hefði verið unnt að skila auðu atkvæði. Í athugasemdum kjörstjórnar til yfirkjörstjórnar vegna kærunnar var vísað til 4. gr. starfsreglnanna þar sem segir að

viðkomandi skuli kjósa ákveðinn fjölda aðalmanna og varamanna. Af orðalaginu væri því ekki hægt að draga aðra ályktun en að ekki sé heimilt að skila auðu atkvæði. Staðfesti yfirkjörstjórn þennan skilning kjörstjórnar. Verður að telja það ágalla á nógildandi reglum að ekki sé unnt að skila auðu atkvæði og því lagt til að slík heimild sé skýr í reglunum.

Atkvæðagreiðsla skal fara fram á tímabilinu 1. til 20. maí á því ári sem kjósa skal og lagt er til að hún standi yfir í fimm sólarhringa í stað hálf mánaðar eins og kveðið er á um í nógildandi reglum. Meiri skilvirkni felst í því að stytta tímennu enda unnt að kjósa hvar og hvenær sem er og enginn tilgangur með því að láta kosninguna standa yfir í langan tíma.

Kjörstjórn auglýsir í prentuðum dagblöðum og á vefsvæði þjóðkirkjunnar hvenær kosning hefst og hvenær henni lýkur og skulu allar upplýsingar um undirbúning og framkvæmd kosninganna vera aðgengilegar á vefsíðu þjóðkirkjunnar, á biskupsstofu og hjá próföstum. Vísað er til skýringa við 9. gr. varðandi skilgreiningu á prentuðum dagblöðum.

Loks er lagt til að hafa skuli hliðsjón af lögum um kosningar til Alþingis, eftir því sem við á, þ.e. til fyllingar reglum þessum ef þurfa þykir.

#### Um 13. gr.

Í ákvæðinu er það skilyrði að talning skuli hefjast innan sólarhrings frá lokum kosningar en telja verður að rétt sé að talning hefjist svo fljótt sem verða má.

Í ákvæðinu er lýst hvernig afkóðun atkvæðanna fer fram áður en unnt er að hefja talningu. Í öryggisskyni þykir rétt að leyniorðinu sé skipt í tvennt og það sameinað þegar afkóðun hefst í kosningakerfinu við upphaf talningar atkvæða. Lagt er til að einn fulltrúi kjörstjórn og einn fulltrúi kirkjuráðs búi til og varðveiti hvor sinn hluta leyniorðsins sem verði svo sameinað við afkóðun kerfisins þegar talning atkvæða hefst. Niðurstöður kosningarinnar verði síðan teknar saman í afkóðunar- og talningarhluta kosningakerfisins sem þýðir að atkvæðin eru ekki fjarlægð úr kerfinu til þess að telja þau í einhverju öðru kerfi. Með þessu verklagi fer talningin fram í sjálfu kosningakerfinu sem að bestu manna sýn öruggara.

#### Um 14. gr.

Fjöldi frambjóðanda í hverju kjördæmi skal ekki vera færri en sem nemur fjölda aðal- og varamanna til samans í viðkomandi kjördæmi, sbr. 12. gr. og skal kjósandi kjósa einum fulltrúa fleiri en nemur aðalmönnum í viðkomandi kjördæmi, sbr. 11. gr. Í ákvæðinu er notað það orðalag að þeir séu kjörnir aðalmenn í hverju kjördæmi fyrir sig sem flestir merkja við með atkvæði sínu og að varamenn séu þeir sem næstir koma að atkvæðum eftir aðalmönnum. Fjöldi atkvæða ræður röðuninni. Með þessu er alveg ljóst að hver kjósandi hefur eitt atkvæði en kjósandinn merkir við nokkra frambjóðendur á atkvæðinu. Atkvæði í þessu samhengi hefur sömu þýðingu og atkvæðaseðill, en þar sem kosning er rafræn þykir ekki heppilegt að nota það orðalag. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti.

Kjörstjórn staðfestir niðurstöðuna og birtir á vefsíðu þjóðkirkjunnar nöfn þeirra er kjörnir hafa verið, svo fljótt sem verða má.

#### Um 15. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 12. gr. núgildandi starfsreglna og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Ákvæðið er nýmæli, en á grundvelli öryggissjónarmiða þykir rétt að eyða þeim rafrænu gögnum sem til verða í kosningakerfinu.

Um 18. gr.

Hér er um nýmæli að ræða og lagt til að kirkjuþing kjósi í uppstillingarnefnd þjóðkirkjunnar til fjögurra ára í senn og að kosningin fari fram á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir síðasta kjör til kirkjuþings. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega úr hópi nefndarmanna. Í uppstillingarnefnd mega hvorki vera kirkjuþingsmenn eða varamenn þeirra né mega þeir vera í föstu, launuðu starfi hjá þjóðkirkjunni. Lagt er til að kirkjuráð skipi nefndina.

Lagt er til að nefndin séu skipuð níu mönnum einum úr hverju prófastsdæmi og er það gert í þeim tilgangi að tryggja að nefndarmenn hafi þá staðarþekkingu sem nauðsynleg er. Í nefndina mætti t.d. kjósa presta sem komnir eru á eftirlaun og/eða fyrrverandi sóknarnefndarfólk. Hlutverk nefndarinnar er það eitt að finna frambjóðendur til kirkjuþings ef ekki berast nægilega mörg framboð, sbr. 12. gr. Skal uppstillingarnefnd tilnefna þá frambjóðendur sem á vantar, en slíkt fyrirkomulag þykir hentugra en það sem nú er, sbr. athugasemdir við 12. gr.

Þá þykir rétt að setja inn ákvæði þess efnis að uppstillingarnefndin sé ályktunarhæf ef minnst 2/3 nefndarmanna mæta á fund og að henni sé einnig heimilt að nota fjarfundarbúnað í störfum sínum, enda ljóst að um langan veg getur verið að fara fyrir nefndarmenn. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 19. gr.

Í núgildandi reglum segir að biskup Íslands skipi formann kjörstjórnar og varamann hans, sbr. 2. mgr. 9. gr. þeirra reglna. Ákvæðið hefur verið túlkað svo að biskup tilnefni þessa aðila og skipi þá síðan. Ákvæðið er skýrt varðandi val annarra kjörstjórnarmanna. Lagt er til að val formanns og varaformanns sé gert skýrara en er í núgildandi reglum þannig að það komi skýrt fram að biskup tilnefni þessa aðila.

Þá er lagt til að þegar kjörstjórn hafi verið valin sé hún skipuð af kirkjuráði, eins og yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar, sjá umfjöllun um 20. gr. og uppstillingarnefnd þjóðkirkjunnar, sjá umfjöllun um 18. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt varðandi val annarra kjörstjórnarmanna, fjölda þeirra, kjörtímabil, skipunartíma formanns og varaformanns og skilyrði varðandi hæfi.

Þá þykir rétt að setja inn ákvæði um að kjörstjórn færi gerðabók þar sem skrá skuli meginatriði funda, ákvarðanir hennar svo og úrslit kosninga.

Hér er lagt til að kjörstjórn sé heimilt að velja sér aðstoðarmenn til að annast, á ábyrgð kjörstjórnar, framkvæmd tiltekinna þátta í kosningu til kirkjuþings en samkvæmt núgildandi reglum nær þessi heimild kjörstjórnar einungis til starfsmanna eða trúnaðarmanna þjóðkirkjunnar. Engin skilgreining er til á því hverjir eru trúnaðarmenn þjóðkirkjunnar og þá er ljóst að prestar eru embættismenn og því geta þeir tæplega flokkast sem starfsmenn þjóðkirkjunnar í þessum skilningi. Þykir því rétt að útvíkka þess heimild þannig að það sé alfarið kjörstjórnar að velja aðstoðarmenn, en þeir starfa á ábyrgð hennar.

Þá þykir rétt að taka fram í reglunum að kostnaður við störf kjörstjórnar skuli greiddast úr kirkjumálasjóði, en ekki er sambærilegt ákvæði í núgildandi reglum.

Um 20. gr.

Lagt er til að kirkjuráð skipi yfirkjörstjórn, en að öðru leyti er ákvæðið efnislega óbreytt og þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar fer með endanlegt úrskurðarvald í ágreiningsmálum vegna kirkjuþingskosninga.

Lagt er til að rétt til að kæra kirkjuþingskosningu eigi allir þeir sem nutu kosningarréttar til kirkjuþings og þeir leikmenn sem í kjöri voru en höfðu ekki kosningarrétt. Þessu til skýringar má nefna að leikmaður sem hvorki er aðal- né varamaður í sóknarnefnd getur boðið sig fram til kirkjuþings, hann er ekki með kosningarrétt þótt hann sé kjörgengur. Samkvæmt núgildandi reglum hefur þessi leikmaður ekki rétt til að leggja fram kæru til yfirkjörstjórnar vegna ákvarðana kjörstjórnar vegna kjörgengis- og kjörskrármála eða vegna framkvæmd kosninganna. Þykir það í þágu jafnræðis að kæruheimildin sé þessum aðilum einnig opin.

Þá er það lagt til að unnt sé að kæra ákvarðanir kjörstjórnar varðandi kjörgengi. Í 15. gr. núgildandi starfsreglna segir að kæra megi til yfirkjörstjórnar annars vegar úrlausnir kjörstjórnar vegna kjörskrármála og hins vegar framkvæmd kirkjuþingskosninga og er um tæmandi talningu að ræða. Þykir rétt að mál er varða kjörgengi séu einnig kæránleg, enda ekki séð hvaða rök standi til annars.

Kærur skulu berast kjörstjórn eigi síðar en einni viku eftir að úrslit kosninga liggja fyrir.

Kjörstjórn skal innan þriggja virkra daga frá móttöku kærunnar senda hana ásamt athugasemdum sínum til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar.

Ekki eru lagðar til neinar efnislegar breytingar á úrræðum yfirkjörstjórnar. Áréttað skal þó að í c. lið 6. mgr. 21. gr. er tekið fram að yfirkjörstjórn geti staðfest lögmæti framkvæmdar kirkjuþingskosninga, eftir atvikum með athugasemdum. Í þessu sambandi má nefna að þau tilvik geta komið upp að um annmarka er að ræða á framkvæmd kosninga eða á ákvörðunum kjörstjórnar, þótt slíkt hafi það ekki í för með sér að yfirkjörstjórn meti kosninguna ógilda að hluta eða öllu leyti. Við slíkar aðstæður getur yfirkjörstjórn komið að athugasemdum um það sem betur mætti fara í starfi kjörstjórnar.

Um 22 gr.

Í ákvæðinu eru upp talin þau atriði sem valda frávísun og eru þau efnislega óbreytt frá gildandi reglum. Í 4. tölulið er lagt til að sé kröfugerð óskýr eða vanreifuð skuli yfirkjörstjórn gefa kæranda kost á að bæta úr því. Þykir rétt að tryggja það með skýrum hætti að kæranda verði leiðbeint sé þörf á slíku.

Um 23. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.